



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. mars 2018.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 6. mál.**


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verði þorskveiðiheimildir fyrir næsta fiskveiðiár auknar frá yfirstandandi fiskveiðiári skuli sú aukning fara í útboð skv. nánari reglum sem ráðherra setur.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að framangreind tilboðsleið muni styrkja rekstrarumhverfi sjávarútvegsins til lengri tíma þar sem duttlungar stjórnámálanna muni þá ekki ráða ófyrirséðum breytingum, m.a. á veiðigjaldi, frá einu kjörtímabili til annars. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þetta fyrirkomulag eigi aðeins að gilda fyrir næsta fiskveiðiár, en reikna má með að flutningsmenn geri ráð fyrir að reglan verði fest í sessi til framtíðar. Aðeins er gert ráð fyrir að þessi tilhögun verði vegna aukinna þorskveiðiheimilda en ekkert getið um það hvað eigi að gerast ef veiðiheimildir í þorski verða minnkaðar frá því sem nú er. Þá eiga útgerðirnar væntanlega að taka á sig skerðinguna í samræmi við þá aflahlutdeild sem þær hafa. Varðandi duttlunga stjórnámálanna er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra setji nánari reglur um útboðið og geti bundið það ákveðnum skilyrðum, t.d. vegna byggðasjónamiða eða vegna „sérstöðu“ minni útgerða. Væntanlega gera flutningsmenn frumvarpsins þá ráð fyrir að ráðherrann sem setur reglurnar sé yfir duttlunga stjórnámálanna hafinn.

Sjómannasamband Íslands bendir á að það eru fleiri fisktegundir sem veiðast við Íslandstrendur en þorskur. Flestar þeirra eru einnig í kvóta. Mest ásókn er þó í þorskveiðiheimildir þar sem þær skila mestum tekjum. Þó svo að þorskveiðiheimildir aukist milli fiskveiðiára er ekki gefið að veiðiheimildir annarra tegunda aukist eða standi í stað á sama tíma. Þær geta minnkað. Rétt er að benda flutningsmönnum á að það er fjöldi sjómanna í starfi hjá bæði stórum og smáum útgerðum sem hafa lífsviðurværi sitt af því að veiða fisk. Þorskveiðiheimildirnar eru mikilvægar í því sambandi og því óásættanlegt að stjórnámálammenn vilji sí og æ skerða tekjumöguleika þeirra sem þegar hafa atvinnu af sjómennsku með því að færa fiskveiðiheimildir frá þeim til einhverra annarra.

Margt fleira er hægt að segja frumvarpinu til foráttu, en Sjómannasamband Íslands hafnar alfarið þessu frumvarpi og telur að verði það að lögum skaði það hagsmuni sjómanna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson